

**Ed.**

**251. Nefndarálit**

**[168. mál]**

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 51 28. apríl 1983, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Hér er um að ræða útdeilingu á uppsöfnuðum söluskatti í sjávarútvegi, alls 600 millj. kr. Slík afskipti ríkisvalds af samningum milli sjómanna, útgerðar og fiskvinnslu eru ólíðandi.

Verið er að greiða niður fiskverð með uppsöfnuðum söluskatti sem að mestu er til kominn frá fiskvinnslunni. Hér er ríkið að færa fjármagn eftir flóknum reglum frá fiskkaupanda til fiskseljanda. Eðlilegra væri að slíkar greiðslur færu beint á milli þessara aðila án afskipta steinrunnins sjóðakerfis.

Það er löngu orðið tímabært að stjórnvöld geri sér grein fyrir að verðmæti verða ekki til við að millifæra peninga, úr einum vasa í annan. Bandalag jafnaðarmanna hefur bent á leið út úr þessum ógöngum. Hún felst í því að leggja sjóðakerfið niður og gefa fiskverð frjálst, án afskipta ríkisvalds.

Alþingi, 12. des. 1985.

Kolbrún Jónsdóttir.